

Nd.

81. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um rannsóknir á útbreiðslu fjárkláðans og um undirbúning útrýmingar hans.

Frá Jóni Pálmasyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga frá landbúnaðarnefnd neðri deildar um að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka útbreiðslu fjárkláðans í landinu. Einnig um það, hvert þaðlyf sé öruggast og hentugast til útrýmingar og á hvern hátt sé tryggast að sótthreinsa fjárhúsin.

Um það er hér með spurt, hvað gert hefir verið í þessu máli og hverjar tillögur stjórnin hefir að gera um lausn þess.